

Sveitarstjórnarkosningar 2014

Sveitarstjórnarkosningar fara fram laugardaginn 31. maí 2014. Rétt til að kjósa á kjörfundi á kosningadaginn 31. maí 2014, hafa allir 18 ára og eldri sem eru á kjörskrá. Kjósendur skulu hafa meðferðis persónuskilríki. Norðurþingi er skipt niður í 5 kjördeildir, skv. eftirfarandi:

- **Kjördeild I og II – Borgarhólsskóla Húsavík**

Fyrir íbúa Húsavíkur og Reykjahverfis. Kjörfundur er opinn kl. 10:00-22:00. Inngangur í Borgarhólsskóla er að austanverðu.

- **Kjördeild III – Skúlagarði**

Fyrir íbúa Kelduhverfis. Kjörfundur er opinn kl. 10:00-18:00.

- **Kjördeild IV – Skólahúsinu Kópaskeri**

Fyrir íbúa Kópaskers og Öxarfjarðar. Kjörfundur er opinn kl. 10:00-18:00.

- **Kjördeild V – Ráðhúsinu á Raufarhöfn**

Fyrir íbúa Raufarhafnar og nágrennis. Kjörfundur er opinn kl. 10:00-18:00.

Aðsetur yfirkjörstjórnar verður í Borgarhólsskóla á Húsavík á kjördag. Talning atkvæða fer fram á sama stað og hefst við lokun kjörfundar á Húsavík.

Um undirbúning, framkvæmd og frágang sveitarstjórnarkosninga fer eftir lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Allar nánari upplýsingar um sveitarstjórnarkosningarnar, s.s. kjörskrá, lög og leiðbeiningar er hægt að nálgast á upplýsingavefnum www.kosning.is. Einnig veita skrifstofur og yfirkjörstjórn Norðurþings upplýsingar.

Yfirkjörstjórn Norðurþings

Ágúst Sigurður Óskarsson
Hanna Ásgeirsdóttir
Höskuldur Skúli Hallgrímsson